



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands varðandi gjöld vegna vanskila

Á 221. fundi skóla- og frístundaráðs 14. desember 2021 lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hver eru áætluð gjöld sem hafa verið lögð á foreldra og/eða forráðamenn vegna vanskila á reikningum frá skóla- og frístundasviði frá upphafi árs 2019 til dagsins í dag? Sem dæmi má nefna kostnað vegna innheimtubréfa og símtala samkvæmt verðskrá fyrir innheimtur Reykjavíkurborgar. Hvernig skiptast gjöld/kostnaður sem foreldrum er gert að greiða eftir öllum þjónustubáttum, t.d. vegna mataráskriftar og leikskólaþjónustu?

Svar:

Gjöld sem lögð eru á kröfur vegna vanskila eru:

Bankagjald, kr. 150, um leið og krafa er komin yfir eindaga

Fari innheimtukröfur til Momentum í milliinnheimtu er kostnaðurinn skv. verðskrá Momentum fyrir innheimtur Reykjavíkurborgar, sjá meðfylgjandi verðskrá.

Dæmi:

Krafa með höfuðstól á bilinu 10.500 - 84.500 þá er kostnaðurinn:

Innheimtubréf 1 kr. 758

Innheimtubréf 2 kr. 688

Símtal kr. 273

Kostnaður við bréf eða símtal er eins hvort sem krafa er vegna skólamáltíða, leikskólagjalda eða frístundaheimilisgjalda.

Kröfur sem hafa farið til Momentum frá byrjun árs 2019 til loka nóvember 2021 þegar búið er að taka tillit til niðurfelldra krafna. Niðurfelling getur verið af ýmsum ástæðum, ekki réttmæt krafa, velferðarsvið greiddi eða barnavernd greiddi.

Frístundaheimili

Fjöldi krafna: 4.687

Meðaltal pr. kröfu: kr. 1.368

Álagður kostnaður án vaxta: kr. 4.455.691

Álagðir dráttarvextir: kr. 1.953.042

Hlutfall frístundagjalda sem greidd voru á réttum tíma á tímabilinu var 96%



Reykjavíkurborg

Leikskólagjöld

Fjöldi krafna: 5.133

Meðaltal pr. kröfu: kr. 1.551

Álagður kostnaður án vaxta: kr. 5.009.663

Álagðir dráttarvextir: kr. 2.953.767

Hlutfall leikskólagjalda sem greidd voru á réttum tíma á tímabilinu var 97%

Skólamáltíðagjöld

Fjöldi krafna 12.851

Meðaltal pr. kröfu: kr. 1.234

Álagður kostnaður án vaxta: kr. 10.320.118

Álagðir dráttarvextir: kr. 5.532.718

Hlutfall skólamáltíða sem greidd voru á réttum tíma á tímabilinu var 94%

Upplýsingar um kostnað vegna mála sem eru komin í löginneimtu eru ekki fyrirliggjandi.

Greiðendur sem eru í bágri fjárhagsstöðu og eru í vanskilum vegna gjalda er varða þjónustu við börn geta óskað eftir aðstoð samkvæmt verklagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs. Þegar pantaður er tími hjá félagsráðgjafa vegna skuldavanda við skóla- og frístundasvið er send tilkynning um þá tímapöntun til innheimtustjóra skóla- og frístundasviðs, skjól verklags er þá virkjað og uppsagnir afturkallaðar (á ekki við um skólamáltíðir því þeirri þjónustu er aldrei sagt upp). Með aðstoð félagsráðgjafa er byrjað á að sækja um fjárhagsaðstoð á þjónustumiðstöð til að greiða skuldina. Sé þeirri umsókn hafnað þá þarf að áfrýja þeirri höfnun til velferðarráðs. Sé áfrýjun einnig hafnað þá geta þeir sem ekki teljast hafa greiðslugetu skv. viðmiðum verklagsins sótt um að skuld verði afskrifuð. Til þess er útbúin greinargerð um félagslegar og fjárhagslegar aðstæður skuldara og hún lögð fyrir afskriftarnefnd Reykjavíkur sem fundar tvisvar á ári.

Verðskrá fyrir innheimtur Reykjavíkurborgar

Eftirfarandi kostnaður er lagður á bréf og símtöl í milli- og löginneimtu Reykjavíkurborgar hjá Momentum greiðslupjónustu ehf. og Gjaldheimtunni ehf. Álögð gjöld greiðast af greiðanda kröfunnar:

Gildir um kröfur með gjalddaga eftir 1.1.2018

Milliinnheimta		
	<i>Einingaverð</i>	<i>Einingaverð m. vsk.</i>
Innheimtubríf 1		
Krafa undir kr. 3.000	390	484
Krafa kr. 3.000 - kr. 10.499	462	573
Krafa kr. 10.500 - kr. 84.999	611	758
Krafa kr. 85.000 og yfir	885	1.097
Símtal	220	273
Innheimtubríf 2		
Krafa undir kr. 3.000	390	484
Krafa kr. 3.000 - kr. 10.499	462	573
Krafa kr. 10.500 - kr. 84.999	555	688
Krafa kr. 85.000 og yfir	590	732

Löginnheimta			
Nr.	Þjónustuliðir	Einingaverð	Einingaverð m. VSK
1	Löginheimtubréf	3.200	3.968
2	Framhaldskostnaður í löginnheimtu		
2.1	Greiðsluáskorun		
	<3.000	3.500	4.340
	3.000-10.499	3.500	4.340
	10.500-84.999	3.700	4.588
	85.000 og yfir	7.500	9.300
2.2	Stefna	5.000	6.200
2.3	Aðfararbeiðni	5.000	6.200
2.4	Nauðungarsala		
	<3.000	7.000	8.680
	3.000-10.499	7.000	8.680
	10.500-84.999	8.000	9.920
	85.000 og yfir	8.500	10.540
2.5	Kröfulýsing í löginnheimtu	5.000	6.200
2.7	Mót	3.000	3.720

Gildir um kröfur með gjalddaga fyrir 1.1.2018

Löginnheimta			
Nr.	Þjónustuliðir	Einingaverð	Einingaverð m. VSK
1	Löginnheimtubréf	4.970	6.163
2	Framhaldskostnaður í löginnheimtu		
2.1	Greiðsluáskorun		
	0-10.000	5.179	6.422
	10-80.000	7.249	8.989
	80.000-	12.427	15.410
2.2	Stefna		
	0-10.000	19.676	24.399
	10-80.000	30.031	37.238
	80.000-	40.386	50.079
2.3	Aðfararbeiðni		
	0-10.000	15.533	19.261
	10-80.000	19.676	24.399
	80.000-	31.066	38.522
2.4	Nauðungarsala		
	0-10.000	15.533	19.261
	10-80.000	19.676	24.399
	80.000-	31.066	38.522
2.5	Kröfulýsing í löginnheimtu		
	0-10.000	7.249	8.989
	10-80.000	10.354	12.839
	80.000-	31.066	38.522
2.6	Kröfulýsing ekki í löginnheimtu		
	0-10.000	7.249	8.989
	10-80.000	10.354	12.839
	80.000-	31.066	38.522
2.7	Mót	7.871	9.760
2.8	Kröfuvakt	-	-